



Spáum óbreyttum stýrivöxtum

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands haldi meginvöxtum bankans óbreyttum í 0,75% við næstu vaxtaákvörðun þann 3. febrúar. Við teljum að þróun mála og nýjar upplýsingar frá síðasta fundi nefndarinnar kalli ekki á breytingu vaxta að þessu sinni. Fróðlegt verður að fylgjast með næstu skrefum nefndarinnar varðandi kaup á skuldabréfamarkaði.

Samhliða ákvörðuninni munu koma út *Peningamál* með uppfærðri þjóðhags- og verðbólguþá sem nefndin getur stutt sig við. Krónan hefur styrkst um 3% frá síðasta fundi nefndarinnar en það þýðir að öðru óbreyttu verðbólguferil sem liggur neðar en ella og að skemmri tími muni líða þangað til verðbólga fer aftur undir markmið. Í nóvember spáði Seðlabankinn því að verðbólga færi í verðbólguþá á þriðja fjórðungi þessa árs.


Áhrif gengisveikingarinnar á verðbólgu munu fjara út

Verðbólga í janúar mældist 4,3%. Mjög stór hluti af verðbólgunni skýrist af veikingu krónunnar á síðasta ári. Framlag innfluttra vara, án eldsneytis, til 12 mánaða verðbólgu var tæplega 2,3% í janúar en til samanburðar var það um 0,3% fyrir ári síðan. Að því gefnu að krónan veikist ekki frekar í ár munu þessi gengisáhrif í verðbólgunni fjara út og hún hjaðna á ný.

Peningaprentun verður meira í kastljósinu


Svigrúm peningastefnunefndar til að hvetja hagkerfið áfram með frekari lækkun stýrivaxta er orðið nokkuð takmarkað sökum þess hve vextir eru nálægt núlli. Því má gera ráð fyrir að magnbundin íhlutun, sem felur í sér kaup Seðlabankans á íslenskum ríkisskuldabréfum og aukningu peningamagns í umferð, verði meira í kastljósinu. Eftir mjög lítil kaup framan af árinu 2020 keypti Seðlabankinn ríkisskuldabréf fyrir tæpa 7 ma.kr. í nóvember og desember. Líklegt er að hann muni halda þessum kaupum áfram en hann hefur heimild til að kaupa fyrir andvirði 150 ma.kr. sem er um 5% af landsframleiðslu.

Verðbólga og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Eign Seðlabankans í innlendum ríkisskuldabréfum 2020



Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.